Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Egilsstöðum, 16. mars 2026
Málsnr. 202603003

Efni: Ósk um umsögn vegna byggingarleyfisumsókna fyrir sjókvíar í Selstaðavík og Sörlastaðavík í Seyðisfirði.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) hefur til meðferðar umsóknir Kaldvíkur hf. um byggingarleyfi fyrir sjókvíar í Selstaðavík og Sörlastaðavík í Seyðisfirði. HMS óskaði, með bréfi dagsettu 24. febrúar 2026 og með vísan til a-liðar 3. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010, eftir umsögn Múlaþings um umsóknirnar, sérstaklega hvað varðar staðsetningu fyrirhugaðra sjókvía sem eru innan einnar sjómílu frá mörkum netalaga.

Til umsagnar voru eftirfarandi aðaluppdrættir auk skýringarmynda frá HMS:
- ✓ **Sörlastaðavík**. *Yfirlits- og afstöðumynd, byggingarlýsing*. Elís B. Eiríksson, Efla. Dags. 12.08.2025. Teikninúmer 108867, 00-0-01-01.
- ✓ **Sörlastaðavík**. *Fiskeldiskvíar í Seyðisfirði*. Elís B. Eiríksson, Efla. Dags. 12.08.2025. Teikninúmer 108867, 00-0-01-04.
- ✓ **Selstaðavík**. *Yfirlits- og afstöðumynd, byggingarlýsing*. Elís B. Eiríksson, Efla. Dags. 23.06.2025. Teikninúmer 108867, 00-0-01-02.
- ✓ **Selstaðavík**. *Fiskeldiskvíar í Seyðisfirði*. Elís B. Eiríksson, Efla. Dags. 23.06.2025. Teikninúmer 108867, 00-0-01-05.
- ✓ **Skýringarmynd** – *Selstaðavík í Seyðisfirði*. HMS, ódagsett.
- ✓ **Skýringarmynd** – *Sörlastaðavík í Seyðisfirði*. HMS, ódagsett.

Fjallað hefur verið um fyrirhuguð áform m. a. í tengslum við umhverfismat, rekstrarleyfisumsókn og strandsvæðaskipulag á fundum umhverfis- og framkvæmdaráðs, sveitarstjórnar og heimastjórnar Seyðisfjarðar. Að auki liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar og samþykkt á umhverfismatsskýrslu.

Umsögn sveitarfélagsins tekur mið af eftirfarandi atriðum:
- Hagsmunaaðild
  Sveitarfélagið telst hagsmunaaðili þar sem sjókvíar (mannvirki) eru staðsettar nær netlögum en einni sjómílu (1 sjómíla = ca. 1,85 km).
- Samræmi við skipulag
  Meta þarf hvort fyrirhuguð mannvirki fari í bága við skilgreinda landnotkun samkvæmt aðal- eða deiliskipulagi.
- Áhrif á sveitarfélagið og íbúa
  Ákvarða þarf hvort staðsetning mannvirkjanna, og það að þau séu innan við eina sjómílu frá netlögum, hafi áhrif á sveitarfélagið eða íbúa þess.

Fyrirhuguð mannvirki eru staðsett innan einnar sjómílu frá mörkum netlaga sveitarfélagsins og er umsögn þessi veitt með hliðsjón af skipulags- og hagsmunasjónarmiðum sveitarfélagsins, réttindum landeigenda og öryggi siglinga í firðinum.

Fyrri umfjallanir í stjórnkerfi Múlaþings
202403234 – Umsagnarbeiðni frá **Matvælastofnun** vegna *umsóknar Kaldvíkur um rekstrarleyfi* fyrir 10.000 tonna laxeldi á þremur staðsetningum í Seyðisfirði: Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót. Umsögn samþykkt á 46. fundi Heimastjórnar Seyðisfjarðar 2. maí 2024.
202011108 – Umsagnarbeiðni frá **Skipulagsstofnun** við *frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum* vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði. Heimastjórn Seyðisfjarðar bókar um málið 30. nóvember 2020 en formleg umsögn sveitarfélags er tekin fyrir hjá umhverfis- og framkvæmdaráði 2. desember 2020 og samþykkt af sveitarstjórn 9. desember 2020.
202104121 – Umsagnarbeiðni frá **Skipulagsstofnun** við tillögu um *strandsvæðaskipulag Austfjarða*. Umsögn samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 5. september 2022.

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

Strandsvæðisskipulag Austfjarða

Strandsvæðisskipulag Austfjarða var staðfest af ráðherra í mars 2023 og tók gildi við birtingu í stjórnartíðindum. Samkvæmt strandsvæðaskipulagi Austfjarða eru tiltekin svæði skilgreind fyrir staðbundna nýtingu fiskeldis. Gögn benda til þess að hlutar eldissvæða og tilheyrandi búnaðar geti náð út fyrir skilgreinda nýtingarreiti í strandsvæðaskipulagi og inn á svæði sem skilgreind eru fyrir almenna nýtingu. Í skipulaginu er kveðið á um að slík svæði skuli nýtt með þeim hætti að aðstæður til veiða, ferðaþjónustu og útivistar raskist ekki.

Múlaþing telur nauðsynlegt að fyrirhuguð mannvirki séu að fullu innan skilgreindra reita strandsvæðaskipulags fyrir staðbundna nýtingu, eins og skipulagið gerir ráð fyrir.

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Í svæðisskipulaginu er ekki fjallað um fiskeldi, sjókvíar eða strandsvæði tengd fiskeldi, hvorki sem atvinnugrein né tiltekna landnotkun. Áherslan beinist þess í stað að sjálfbærri nýtingu auðlinda, þar sem tekið er mið af vistkerfum, líffræðilegri fjölbreytni og loftslagsmálum, og að náttúruvernd sé samofin þróun atvinnulífs. Jafnframt er lögð áhersla á að efla matvælaframleiðslu með því að auka verðmætasköpun og tryggja ábyrga nýtingu auðlinda, sem styður markmið um sjálfbært og fjölbreytt atvinnulíf í landshlutanum.

Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 / Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 (í vinnslu)

Í gildandi aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar er land næst fyrirhuguðum eldissvæðum skilgreint sem óbyggð svæði og um þau gilda eftirfarandi skilmálar: *„Óbyggð svæði eru utan og ofan núverandi og fyrirhugaðrar byggðar. Þau er opin til almennrar útiveru. Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnytjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði þar sem það á við. Slík svæði eru auk þess opin til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal þar vera í lágmarki og miðast fyrst og fremst við reiðvegi og merktar gönguleiðir.“*

Nýtt Aðalskipulag Múlaþings 2025–2045 hefur verið auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, en hefur ekki hlotið gildi. Landnotkun á hafi næst fyrirhuguðum eldissvæðum er skilgreind sem *sérstök not haf- og vatnssvæða* á reitum SN4 og SN5, og falla innan skilgreinds hafnarsvæðis Seyðisfjarðarhafnar. Í landi gilda eftirfarandi landnotkunarflokkar samkvæmt aðalskipulagi.“

- Efnistökusvæði E223: Miðtangi, E222: Melstaður og E221: Hánefsstaðir
- Annað landbúnaðarland L6. „Svæðið er að stærstum hluta sæmilegt ræktunarland (III. flokkur) og lélegt ræktunarland (IV. flokkur). Svæðið skal fyrst og fremst nýtt fyrir landbúnaðarstarfsemi. Föst búseta, minniháttar starfsemi er heimil skv. stefnu og almennum skilmálum.“

Hafnarreglugerð fyrir hafnir Múlaþings nr. 652/2025

Athygli er vakin á að fyrirhuguð eldissvæði liggja innan hafnarsvæðis Seyðisfjarðarhafnar samkvæmt framangreindri reglugerð og skulu því lúta þeim skilyrðum og ákvæðum sem þar gilda.

Réttindi landeigenda og netlög

Samkvæmt gögnum HMS liggur fyrir að fyrirhugað eldissvæði og starfsemi tengd sjókvíum í Sörlastaðavík og Selstaðavík nái inn á netlög landeigenda sjávarjarða. Samkvæmt framlagðri staðsetningu liggja eldissvæði í Sörlastaðavík og Selstaðavík þétt við netlög og aðeins inn á þau. Auk þess sýna gögn að áhrifasvæði starfseminnar, m.a. vegna öryggissvæða og veiðibanns sem gilda samkvæmt reglugerðum um fiskeldi, nái inn á netlög landeigenda.

Múlaþing telur að tryggja verði að mannvirkjagerð og starfsemi fari ekki inn á lögvarin réttindi landeigenda nema með skýru samþykki þeirra og í samræmi við gildandi lög.

Siglingaöryggi og ljósgeiri Brimnesvita

Fyrirhuguð staðsetning eldissvæðis í Sörlastaðavík liggur að hluta innan hvíts ljósgeira Brimnesvita.

Múlaþing telur mikilvægt að staðfest sé að fyrirhuguð mannvirki hafi ekki áhrif á ljósgeira vita eða siglingaleiðir að Seyðisfjarðarhöfn.

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

Helgunarsvæði FARICE-1 sæstrengs

Samkvæmt gögnum liggur vesturhluti fyrirhugaðs eldissvæðis í Sörlastaðavík inn á helgunarsvæði Farice-1 sæstrengsins. Auk þess sýna sneiðmyndir í hönnunargögnum Kaldvíkur að akkerisfestingar sjókvía fara út fyrir eldissvæðin.

Múlaþing telur að tryggja verði að fyrirhuguð mannvirki, þar á meðal akkerisfestingar, fari ekki inn á helgunarsvæði strengsins.

Ofanflóðahætta og umhverfismat

Fyrir liggur að ofanflóðahætta hefur verið metin á báðum eldissvæðunum, en í umsögnum Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnunar hefur verið bent á að fyrirliggjandi mat taki eingöngu til öryggis mannslífa. Umhverfismat vegna hættu á slysasleppingum eldisfisks vegna náttúruhamfara, þar á meðal ofanflóða, hefur ekki verið gert, og ekki eru til viðmið fyrir því.

Múlaþing telur því mikilvægt að mat á mögulegum slysasleppingum vegna náttúruváar svo sem ofanflóða fari fram og sé fullnægjandi.

Fjarlægð frá árósum

Múlaþing áréttir að farið sé að reglugerð um fiskeldi hvað varðar lágmarks fjarlægð frá ósum laxveiðiáa.

Áhrif á ásýnd og ferðaþjónustu

Í áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismat laxeldis í Seyðisfirði kemur fram að áhrif á ferðaþjónustu vegna breyttrar ásýndar og ímyndar geti verið talsvert neikvæð. Fyrirhugaðar sjókvíar munu breyta ásýnd og upplifun gesta og íbúa sem koma til Seyðisfjarðar.

Múlaþing tekur undir áhyggjur Skipulagsstofnunar á ferðaþjónustu, sem hefur byggst upp sem stór atvinnuvegur á Seyðisfirði.

Niðurstaða og samantekt

Með hliðsjón af framangreindu áréttir Múlaþing eftirfarandi atriði og álitamál:

- Gætt sé samræmis við strandsvæðaskipulag
- Tryggja þurfi vernd réttinda landeigenda og netlaga
- Tryggja þarfsiglingaöryggi og áhrif á ljósgeira vita
- Virða þarf helgunarsvæðis sæstrengs farice-1
- Fyrir þarf að liggja mat á mögulegum slysasleppingum vegna náttúruváar svo sem ofanflóða
- Fjarlægð frá árósum sé samkvæmt reglugerðum um fiskeldi

Ítrekað er það sem áður hefur verið bent á í fyrri umsögnum sveitarfélagsins um hversu óeðlilegt sé að skipulagsvald sveitarfélaga nái ekki til hafsvæða inni á fjörðum, þar sem sú staða getur verið uppi að mannvirki á haffletinum hafi fullt eins mikil áhrif á umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins og þau sem á landi eru.

Ekki eru gerðar frekari athugasemd við veitingu byggingarleyfis vegna umsóknar Kaldvíkur hf. um byggingarleyfi, vegna fyrirhugaðra sjókvía utan við Sörlastaðavík og Selstaðavík, út frá skipulagssjónarmiði. Jafnframt skal nefnt að sveitarfélagið er ekki með rekstur vatns- eða fráveitu í sjó á umræddu svæði né nokkurra aðra veitu sem framkvæmdin hefur mögulega áhrif á.

Ofangreind umsögn var samþykkt á 177. fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings þann 16. mars 2026.

Virðingarfyllst,
Jónína Brynjólfsdóttir
Formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is